

Aðalfundur Foreldrafélags Glerárskóla

4. október 2023 klukkan 20:00

Mættar úr stjórn:

Ása Hilmarsdóttir fráfarandi formaður
Sveinbjörg Smáradóttir ritari
Anna Karen Sigurjónsdóttir (tekur við formennsku)
Kristín Ólafsdóttir Önnudóttir - fráfarandi stjórnarmeðlimur
Brynja Sigurðardóttir - tengiliður Glerárskóla við foreldrafélagið

47 forráðamenn mættir.

Málefni:

Dagskrá

1. Dr. Laufey Hrólfsdóttir næringarfræðingur flytur erindið Næring barna, hugmyndir af hollara nesti og nasli. (FÉLL NIÐUR VEGNA VEIKINDA LAUFEYJAR).
2. Venjuleg aðalfundarstörf
Ársreikningur
Nýtt fólk í stjórn
 - Var komið eitt framboð í stöðu gjaldkera
3. Bekkjarráð, hlutverk þeirra og fleira
4. Önnur mál
 - Brynja ræðir praktíska hluti
 - Foreldrarölt (sjá Giljaskóla)

Það er stefnan að hafa fræðsluerindið síðar með öðrum hætti.

Venjuleg aðalfundarstörf:

Sveinbjörg kynnir ársreikning fyrir hönd fjarverandi gjaldkera. Framsetningin olli nokkrum ruglingi meðal fundagesta.

Nýjir meðlimir í stjórn:

Bylgja Jóhannesdóttir - bylgjajoh@simnet.is
og Sigurður - bibbi@akmennt.is
Magnea Karen Svavarsdóttir - magneakaren@simnet.is

Elfa Björk Gylfadóttir verður nýr varamaður í skólaráði
Syrja Hörð hvort hann vilji vera áfram
María áfram varamaður umhverfisráði

Samþykkt lagabreyting:

Núverandi: 5. gr. Upphæð félagsgjalds skal ákveða á aðalfundi fyrir eitt ár í senn í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins.

Verður: 5. gr. Upphæð félagsgjalds skal ákveða á aðalfundi fyrir eitt ár í senn í samræmi við fjárhagsáætlun félagsins. Reikningsár félagsins er frá 1. Ágúst til og með 31. júlí á hverju

Lagabreyting samþykkt með handauppréttingu.

Bekkjarráð

Brynja fjallar um bekkjarráðin og hvetur foreldra í 1.og 4. bekk til að skrá sig.

Brynja sýnir foreldrum heimasíðuna og kennir þeim að rata um hana.

Fer yfir dagskrána hjá nemendaráði.

Anna Karen og Brynja segja frá fræðslukvöldi með Samtökum '78 fyrir foreldra.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar er mánudagurinn 9. október 2023 kl 20:00

Fundargerð samþykkt á fundi stjórnar 16. október 2023